

Alþingi
Erindi nr. P 130/821
komudagur 21.1.2004


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2004

Með bréfi dags. 11. desember 2003 óskaði menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvörp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 375 mál.

Meðfylgjandi er umsögnin.

Virðingarfyllst,


Markús Örn Antonsson



Reykjavík, 20. janúar 2004

Umsögn Sjónvarpsins

Að fengnum athugasemdum frá yfirþýðanda Sjónvarpsins, Ellerti Sigurbjörnssyni gerir Sjónvarpið eftirfarandi athugasemdir við frumvörp til laga um íslenska táknmálið, 374. mál, og breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 375. mál.

Í 5. grein frumvarpsins ásamt greinargerð segir: “Notendur íslenska táknmálsins eiga rétt á að... fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almenningi verði gert þeim aðgengilegt með textun eða túlkun á íslenskt táknmál eftir því sem við á.

Í *Athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins* segir um 5. grein:

“Í þessu felst m.a. að sjónvarpsstöðvum ber annaðhvort að senda út sjónvarpsefni út með íslenskum texta eða táknmálstúlkun.”

Gerð er athugasemd við orðalagið að: “eiga rétt á” og “sjónvarpsstöðum ber...” Á fundi í Genf sl. vor um textunarmál sjónvarpsstöðva í Evrópu var fjallað um framtíðarskipan þessara mála í Evrópu. Þar kom meðal annars fram og vakti mikla athygli að breska ríkissjónvarpið, BBC, er eina sjónvarpsstöðin í Evrópu sem hefur verið skylduð með lögum að sjá heymarlausum og heyrnarskertum fyrir textun á öllu útsendu efni. Til að hrinda þessu í framkvæmd var BBC veittur ákveðinn frestur, fáein ár, en ekki er vitað hvort að aukafjárveiting fylgdi þessum auknu skyldum sem BBC voru lagðar á herðar. Miklu hefur þurft að kosta til þessa verkefnis því að þessu verkefni sinna nú 240 fastir starfsmenn BBC eftir að unnið hefur verið fjölþætt og dýrt þróunarstarf ásamt tækjavæðingu.

Aðrar opinberar sjónvarpsstöðvar í Evrópu hafa orðið fyrir miklum þrýstingi til að auka þjónustu við heyrnarskerta og alls staðar er smátt og smátt verið að auka hana eftir bestu getu – en án lagasetningar. Danir, Svíar og Norðmenn eru komnir einna lengst með frá 70 til 80 prósent textun, Hollendingar og Belgar eru einnig drjúgir – en mjög margir hafa enn 50% textun að markmiði og allmargir minna, t.d. Finnar. Öllum ber saman um að fremur beri að stefna að aukinni og bættri textun í sjónvarpi en síður táknmálstúlkun þar sem hún nær til svo takmarkaðs hóps. Tekið skal fram í þessu sambandi að frumvarpið miðast þó aðeins við “notendur íslenska táknmálsins”.

Ljóst þykir að ef lagafrumvarp þetta verður að veruleika í óbreyttri mynd þá verða stjórnvöld að veita ærnu fé til þessa verkefnis, einkum þó til tæknivæðingar og þróunar. Ljóst er að miðað við núverandi fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins/Sjónvarps er ekki fjárhagslegt svigrúm til meiri textunar sjónvarpsefnis og táknmálstúlkun en núverandi fjárhagsáætlun kveður á um. Einnig verður að ætla sjónvarpsstöðvunum mjög rúman umþóttunartíma. Eins og bent var á hafa flestar sjónvarpsstöðvar fengið að þróa textunarmálin smátt og smátt þótt þeim hafi verið sett viss markmið.

Í ljósi þessa er lagt til að breyta skuli orðalagi frumvarpsins í 5. grein, svo sem “að stefnt skuli að” o.s.frv.

Einnig er talið mikilvægt að kveða nánar á um þjónustu við heymarskerta en ekki eingöngu þá sem kunna táknmál og leggja áherslu á að textun nýtist báðum hópum.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson

framkvæmdastjóri Sjónvarps